



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/419
komudagur 11. 12. 2008

Félag starfsmanna Alþingis

Reykjavík, 11. desember 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Frumvarp til laga um kjararáð

Með tölvupósti dagsettum 10. desember 2008 óskar efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags starfsmanna Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

Með frumvarpinu er verið að leggja til bráðabirgðaákvæði sem knýr kjararáð til að kveða upp nýjan úrskurð sem felur í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra. Jafnframt að kjör annarra sem undir kjararáð heyra verði endurskoðuð.

Stjórn Félags starfsmanna Alþingis hefur fjallað um tillöguna á fundi og telur sig ekki geta tekið efnislega afstöðu til málsins á þeim stutta tíma sem gefinn er, en ítrekar þá afstöðu sína að sem flestir semji um kjör sín með beinum samningum.

Virðingarfyllt

Ingvi Stígsson
formaður FSA